



ÚRSKURÐARNEFND  
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA  
2016



**ÁRSSKÝRSLA**  
2016

## Úrskurðarnefnd velferðarmála

Katrínartún 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is

www.urvel.is

Umsjón og ritstjórn: Guðrún A. Þorsteinsdóttir, formaður

Umbrot og prentun: Prentmet

*Ársskýrsla úrskurðarnefndarinnar er prentuð á umhverfisvottaðan pappír*

1. Efnisyfirlit
2. Ávarp formanns
3. Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála
4. Fjöldi mála
5. Málaflokkar
6. Málsmeðferðartími
7. Kærur - málsmeðferð
8. Ýmsar upplýsingar
  - a) Fjármál
  - b) Umboðsmaður Alþingis
  - c) Norrænt samstarf
  - d) Fróðleiksmoli



## Ávarp formanns

Þann 1. janúar 2016 tók úrskurðarnefnd velferðarmála til starfa, sbr. lög nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Samkvæmt 1. gr. laganna er það hlutverk úrskurðarnefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar.

Við stofnun úrskurðarnefndar velferðarmála voru eftirtaldar úrskurðar- og kærunefndir lagðar niður: kærunefnd barnaverndarmála, kærunefnd greiðsluaðlögunarmála, úrskurðarnefnd almannatrygginga, úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála og úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála. Á sama tíma voru gerðar breytingar á skipun nefndarmanna frá því sem áður var. Ráðherra skipar formann úrskurðarnefndar velferðarmála og þrjú nefndarmenn í fullt starf til fimm ára. Ráðherra skipar jafnframt átta aðra nefndarmenn og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Þeir síðarnefndu sinna nefndarstarfinu sem aukastarfi með öðrum störfum. Hjá úrskurðarnefndinni starfa einnig fjórir lögfræðingar og þrír ritarar. Úrskurðarnefndin starfar í fjórum þriggja manna deildum, hver og ein deild hefur ákveðna málaflokka til meðferðar. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Markmiðin með þeim breytingum, sem gerðar voru við skipun úrskurðarnefndarinnar, voru að auka sjálfstæði nefndarinnar, auka málshraða og stuðla að því að samræma málsmeðferð hinna ýmsu málaflokka. Breytingin átti að tryggja betur sjálfstæða, óháða og vandaða endurskoðun stjórnvaldsákvarðana innan ásættanlegs tíma þar sem skilið var á milli úrskurðarnefndanna og ráðuneytisins. Ætla má að framangreind breyting muni að öllum líkindum leiða til þess að réttaröryggi aukist svo og tiltrú þeirra sem til nefndarinnar leita.

Þegar úrskurðarnefndin tók til starfa um áramótin 2015/2016 tók nefndin við 236 óafgreiddum málum frá þeim nefndum sem lagðar voru niður á sama tíma. Til viðbótar bárust nefndinni 506 mál á árinu 2016.

Starfsemi úrskurðarnefndar velferðarmála gekk vel á árinu 2016 og er það ekki síst að þakka góðu starfsfólki og nefndarmönnum.

*Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður*

# Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum, sbr. 2. málsl. 1. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

## **Nefndina skipa:**

Skipaðir í fullt starf til fimm ára:

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Kári Gunndórsson lögfræðingur

Lára Áslaug Sverrisdóttir lögfræðingur

Rakel Þorsteinsdóttir lögfræðingur

Aðrir nefndarmenn:

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur

Arnar Kristinsson lögfræðingur

Eggert Óskarsson lögfræðingur

Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur

Guðfinna Eydal sálfræðingur

Jón Baldursson læknir

Sigríður Ingvarsdóttir lögfræðingur

Þórhildur Líndal lögfræðingur

Varamenn:

Arnar Kormákur Friðriksson lögfræðingur

Ásgerður Ragnarsdóttir lögfræðingur

Ásmundur Helgason lögfræðingur

Björn Jóhannesson lögfræðingur

Hrafnís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur

Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur

Sigurður Thorlacius læknir

Sóley Ragnarsdóttir lögfræðingur




## Fjöldi mála

Á fyrsta starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála, þ.e. árinu 2016 bárust nefndinni samtals 506 mál. Málin skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:

Kæur - málaflokkar	Fjöldi
Almannatryggingar	327
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	37
Barnaverndarmál	32
Félagsþjónusta og húsnæðismál	56
Fæðingar- og foreldraorlofsmál	18
Greiðsluaðlögunarmál	36
Samtals:	506

## Skipting eftir málaflokkum





# Málaflokkar

Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum m.a. upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða, er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hefur verið vísað frá.

## 1. Almennatryggingar



Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða kærur vegna ákvæðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almennatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almennatrygginga.



\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.



## 2. Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir framkvæmdaraðila sem teknar eru á grundvelli laga nr. 138/1997 um húsaleigubætur eru kærar til nefndarinnar, svo og ákvarðanir húsnæðisnefnda og Íbúðalánasjóðs á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar stjórnvaldsákvarðanir um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks.



### 3. Fæðingar- og foreldraorlof

Samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæranlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra barna og alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til. Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er átt við að nefndin hafi talið að stjórnvaldið hafi brotið gegn lögum um fæðingar- og foreldraorlof en ákvörðun stendur.

#### 4. Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kæranlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kæranlegar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.


Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir:  
Niðurstöður úrskurða



#### 5. Barnaverndarmál


Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er hægt að kæra margvíslegar ákvarðanir barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Barnaverndarmál:  
Niðurstöður úrskurða



## 6. Greiðsluaðlögunarmál


Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kærarlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.



## Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmiða úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp. Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2016 var að meðaltali 6,87 mánuðir. Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali:

### Málsmeðferðartími 2016 í mánuðum



## Kæra - málsmeðferð

Hægt er að senda kærur rafrænt til úrskurðarnefndar velferðarmála. Farið er inn á slóðina [urvel.is](http://urvel.is) og þar má finna slóð þar sem stendur „Kærur til úrskurðarnefndar velferðarmála – eyðublað“ og þegar smelt er á þá slóð kemur upp eftirfarandi „Rafræn kæra“. Sá sem óskar að senda kæru með þessum hætti til úrskurðarnefndarinnar verður að hafa íslykil við hendina eða rafræn skilríki. Einnig er hægt að prenta út kærueyðublaðið sem er inni á slóðinni [urvel.is](http://urvel.is), fylla það út og senda úrskurðarnefndinni í pósti. Þegar kæra hefur borist úrskurðarnefndinni fer í gang ákveðin málsmeðferð og þegar henni er lokið er úrskurður sendur kæranda.

Almenna reglan er sú að úrskurðir úrskurðarnefndarinnar eru birtir. Þeir eru birtir á netinu þremur vikum eftir að úrskurðað hefur verið í málinu. Úrskurðir birtast nafnahreinsaðir á slóðinni [urkurdir.is](http://urkurdir.is).

Helsta áskorun úrskurðarnefndarinnar er að kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/2015. Ýmsir þættir hafa áhrif á málsmeðferðartímann. Ber þar fyrst að nefna að málsaðilar hafa andmælarétt og rétt til að koma gögnum fyrir úrskurðarnefndina. Nokkurn tíma getur tekið að koma máli í þann farveg að unnt sé að hefja vinnu við gerð úrskurðar. Enn fremur eru mál misjöfn að umfangi, þannig að vinna að baki hverjum úrskurði getur verið misjafnlega mikil. Þá hefur málafjöldi hjá úrskurðarnefndinni vissulega áhrif á málsmeðferðartímann.



# Ýmsar upplýsingar

## Fjármál

Ný lög nr. 123/2015 um opinber fjármál tóku gildi 1. janúar 2016, en í lögnum er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Lögin fela í sér breytingar á fjármálum hins opinbera og verkferlum. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar hlýtur markmiðið alltaf að vera að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi. Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2016 voru 154.000.000 krónur. Sértekjur nefndarinnar námu alls 16.006.472 krónum á árinu. Til ráðstöfunar á árinu voru því alls 170.006.472 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2016 nam alls 164.997.327 krónum. Rekstrarhagnaður ársins var því 5.009.145 krónur sem skýrist aðallega af hærri sértekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

## Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2016 bárust níu erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum vegna úrskurða sem þeim höfðu borist frá úrskurðarnefnd velferðarmála svo og úrskurðarnefnd almannatrygginga. Úrskurðarnefnd velferðarmála tók við málum þeirrar nefndar þegar úrskurðarnefndin var skipuð um áramót 2015/2016. Fjórum málum lauk án frekari aðgerða eftir skoðun umboðsmanns Alþingis, tvö mál voru tekin upp aftur hjá úrskurðarnefndinni og þremur málum var ólokið hjá umboðsmanni Alþingis um áramótin 2016/2017. Mikil vinna getur falist í því að svara spurningum umboðsmanns Alþingis áður en hann lýkur máli með áliti eða án frekari afskipta. Í svörum úrskurðarnefndarinnar felast iðulega frekari röksemdir fyrir þeirri niðurstöðu sem komist hefur verið að í úrskurði ásamt frekari útskýringum ef óskað er eftir því.

## Norrænt samstarf

Úrskurðarnefnd velferðarmála sendi á árinu 2016 tvo fulltrúa til Danmerkur sem tóku þátt í norrænu samstarfi, en árlega hittast fulltrúar Norðurlandanna frá úrskurðarnefndum/dómstólum sem hafa velferðarmál til meðferðar og fara yfir það markverðasta sem er að gerast í hverju landi. Í ár var fundurinn haldinn í Helsingør í Danmörku, ásamt fulltrúum frá Íslandi, mættu á fundinn fulltrúar frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Áhugaverðar umræður skapast gjarnan á slíkum fundum þar sem hver og einn getur lært mikið af öðrum, enda um nauðsynlegan vettvang til samræðna og samstarfs að ræða.

## Fróðleiksmoli

Eitt af markmiðum úrskurðarnefndarinnar á árinu var að draga úr pappírssnotkun og hefur það tekist mjög vel. Áður voru öll þau gögn, sem vörðuðu mál sem voru til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni, ljósrituð og send stofnunum og nefndarmönnum. Hið sama átti við um gögn sem bárust frá stofnunum og úrskurðarnefndin var í samskiptum við vegna þeirra mála sem voru til meðferðar hjá nefndinni. Í dag er mikill meirihluti gagna sendur rafrænt og er það mikil breyting frá því sem áður var. Umrædd breyting felur í sér mikinn pappírssparnað og verður því að teljast verulega stórt skref með umhverfissjónarmið að leiðarljósi, en þá er tilganginum einnig náð.



